



Every Road Travel (ERT)

Skógræktarferð til Króatíu

23. september til 1. október 2023



Dagskrá ferðar

23. september | Flug til Milano

Brottför frá Keflavík flug FI 590 kl. 08:30. Mæting í Leifsstöð í síðasta lagi 2 klst. Fyrir brottför. Lending í Milano kl. 14:45 að staðartíma. Haldið út í rútu og ekið á hótelið. Ferðin tekur um 4,5 klst., léttur matarpakki verður í rútunni. Kvöldverður á hótelinu. Gist verður á Hótel Lipica^{4*} í Slóveníu. <https://www.lipica.org/en/new-hotel-maestoso/>

24. september | Istria skaginn

Haldið frá Lipica um morguninn. Skoðaður verður Motovun eikarskógur, sem þekktur er fyrir trufflusveppi og skógarsvæði sem eru að jafna sig eftir skógarelda. Einnig verður farið til Buzet í starfsstöð króatísku ríkisskógræktarinnar (Hrvatske šume), sem þekkt er fyrir skróðgarðyrkju. Þaðan verður haldið til Rijeka (Fiume) þar sem við gistum næstu nótt á Hilton Costabella Resort^{4*}. Kvöldverður á hótelinu. https://www.hilton.com/en/hotels/rjkochi-hilton-rijeka-costabella-beach-resort-and-spa/?SEO_id=GMB-EMEA-HI-RJKOCHI

25. september | Gorski Kotar

Farið verður til Gorski Kotar fjallasvæðisins þar sem skoðaðir verða skógar með evrópuþin og skógar á blönduðum aldri, þar sem verið er að beita aðferð til að ná betri árangri í ræktun í karstjarðvegi. Heimsókn í Risnjak þjóðgarðinn. Haldið til Zagreb, þar sem gist verður á Hotel International^{4*}. Kvöldverður á hótelinu. <https://www.maistra.com/properties/hotel-international/#/>

26. september | Fjallasvæði

Heimsótt verður rannsóknarstöð skógræktarinnar í Jastrebarsko og skoðaðir asparskógar sem smitaðir og skemmdir eru af Chalar-sjúkdómnum. Gisting og kvöldverður í Hotel Jezero^{3*} í Plitvice. <https://np-plitvicka-jezera.hr/en/plan-your-visit/hotels-and-camps/hotel-jezero/>

27. september | Plitvice þjóðgarðurinn

Heimsókn í Plitvice þjóðgarðinn, sem er á Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Skógar, vötn og fossar! Þaðan verður haldið til Zadar, þar sem gist verður næstu tvær nætur á Hotel Piniija^{4*}. Kvöldverður á hótelinu. <https://hotel-piniija.hr/>

28. september | Frjáls dagur í Zadar

Zadar stendur við Adríahafið og er elsta borg Króatíu í samfelldri byggð, en þar hafa fundist mannvistarleifar frá steinöld. Hér gefst tækifæri til að skoða sig um, kíkja í búðir eða bara slaka á. Kvöldverður á eigin vegum.

29. september | Split

Haldið frá Zadar til Split. Farið verður í skoðunarferð um Split, en borgin er um 1700 ára gömul og því margt áhugavert að sjá í henni. Gisting og kvöldverður á Hotel Amphora^{4*}

<https://safirhoteli.hr/hotel-amphora/>

30. september | Halló Ítalía!

Vaknað snemma og haldið frá hótelinu út á flugvöll í Split þar sem við förum í flug til Rómar. Lending í Róm um 10-leytið. Byrjað verður á því að heimsækja Villa d'Este, sem er þekkt fyrir fallegan garð með fjölda gosbrunna og er á Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Gisting og kvöldverður á Hotel Cristoforo Colombo^{4*} <https://www.hotelcolomboroma.it/en/>

1. október | Viva Roma!

Frjáls tími um morguninn. Lagt af stað út á flugvöll kl. 12:30 og flogið heim frá Róm kl. 16:00. Áætluð landing í Keflavík kl. 18:50.

Innifalið

- ✓ Flug og gisting á hótélum
- ✓ Ein ferðataska 23 kg og ein taska í handfarangri 10 kg (42 x 32 x 25 cm)
- ✓ Flugvallarskattar
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu
- ✓ Íslensk og erlend fararstjórn
- ✓ Morgunverðir á hótélum. Kvöldverðir (nema frjálsa daginn í Zadar)

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur
- ✓ Hádegisverðir
- ✓ Þjófnefnd

Almennar upplýsingar

Allar Covid reglur hafa fallið úr gildi.

Gjaldmiðill er evrur (EUR).

Fararstjóri: Pavle Estrajher, s. +354 847 8282

Hópstjóri: Brynjólfur Jónsson, s. +354 820 2113

Bókanir og greiðsla

Verð á mann í tveggja manna herbergi er kr. 350.000.

Verð á mann í eins manns herbergi er kr. 410.000.

Staðfestingargjald er 80.000 á mann. **ATHUGIÐ! Ekki er hægt að fá staðfestingargjald endurgreitt!**

Til að bóka í ferðina þarf að senda tölvupóst til eliza@ert.is með beiðni og bíða eftir staðfestingu. Greiða þarf staðfestingargjald inn á reikning 301-26-010154, kt. 420217-1880 um leið og ferð er staðfest. Lokagreiðsla þarf að berast 10 vikum fyrir brottför, föstudaginn 20. júlí.

ERT greiðir fyrir ferðina með Visa- og Mastercard-kortum. Farþegar eru tryggðir þar sem greitt er með kortum og gilda ferðatryggingar þeirra eigin korta.

Hafið samband:

Elíza Guðmundsdóttir, s. 897-0823, tölvupóstur eliza@ert.is